Deloitte.

Úr brúnni:
Sýn stjórnar og stjórnenda á upplýsingaöryggi og netáhættur

Tryggvi R. Jónsson, Áhættuþjónustu Deloitte hf.

Nóvember 2011

Yfirlit

- Upplýsingatækni í nútímarekstri
- Netógnir og áhættur
- Afleiðingar
- Viðbrögð

© 2011 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

Að takast á við áhættur á upplýstan máta

- Nauðsynlegt að huga að samkeppni og virði fyrir viðskiptavininn en ekki bara að uppfylla staðla og kröfur.
- Það þarf að samræma áhættumeðferð í öllu fyrirtækin og tryggja samskipti milli aðila.



© 2011 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

Hversu vel bregðast fyrirtæki við áhættu og hvernig?



	Byggir á ákveðnum einstaklingum og „munnlegri geymd“	Mismunandi eftir deildum/sviðum Engin heildarmynd Bregðast við eða fylla inn í „gátlistann“	Samræmd vinnubrögð Reglubundin verkefni Sérhæfðir starfsmenn	Kerfi, ferlar og fólk tengt áhættumeðferð skilgreint þvert á skipulagseiningar.	Áhættumeðferð er hluti af stefnumótun og „business plani“. Samanburður við aðra. Bregðast hratt við eða eru í fyrirbyggjandi aðgerðum.
UT	Engin umræða um UT mál hjá stjórn/stjórnendum	Kemur upp einu sinni á ári…	Verkefni tengd UT eru tekin upp með reglulegum hætti.		Stefnur og verkefni eru meðal fastra viðfangsefna stjórnar og stjórnenda.

© 2011 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

Upplýsingatækni í nútímarekstri

- Upplýsingatækni er orðin að nauðsynlegum þætti í rekstri sífellt fleiri fyrirtækja
- Stöðug og hröð þróun í upplýsingatækni og notkun hennar býr til ný tækifæri en einnig nýjar áhættur
- Sífellt fleiri stjórnendur þurfa því að hafa skilning á upplýsingatækni og þeim áhrifum sem hún hefur á rekstur
- Eiga stjórnir og stjórnendur að verja meiri tíma í málefni tengt UT og þá hvernig?

© 2011 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

Hlutverk upplýsingatækni í rekstri

Mikilvægi upplýsingatækni

	Styður við rekstur	Er hluti samkeppnis-forskots	Býr til samkeppnis-forskot	Er meginstarfsemin
Hlutverk UT	Upplýsingakerfi eru nauðsynleg í daglegum rekstri en starfsemin kemst af án þeirra. Upplýsingakerfi draga úr afköstum en stoppa ekki starfsemina.	Upplýsingakerfi eru hluti af stefnumótun og er hluti af virðiskeðjunni og gerir starfsemina skilvirkari. Mikilvægir starfsemisþættir eru óstarfhæfir án upplýsingakerfa.	Upplýsingakerfi aðgreina fyrirtækið frá samkeppninni. Starfsemin eða stórir þættir hennar eru algerlega háðir upplýsingakerfum.	Upplýsingakerfi eru hluti af kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Stór hluti af virði fyrirtækisins er háð upplýsingakerfum. Án upplýsingakerfa hefur reksturinn engan tilgang.
Dæmi	Framleiðslufyrirtæki, heild-sala (rafræn samskipti við toll).	Framleiðslufyrirtæki sem nýtir sér upplýsingatækni til hámörkunar afkasta, t.d. í sjávarútvegi á Íslandi.	Fjárfestingarbanki sem nýtir sér hraðara miðlarakerfi til að hafa forskot á samkeppnina.	Hugbúnaðarfyrirtæki, netþjónustufyrirtæki, þjónustuaðilar UT kerfa,

Upplýsingakerfi eru hrávara (commodity) → Upplýsingakerfi eru kjarnastarfsemi

Source: Deloitte's *The Tech-Intelligent Board: Priorities for Tech-Savvy Directors as they Oversee IT Risk and Strategy*.

© 2011 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

Ógnir og áhættur: breyttar netógnir

- Starfsmenn koma með eigin tæki í vinnuna.
- Samfélagsvefir og hraði samskipta að aukast.
- Aukin hætta frá innri aðilum þ.m.t. fjárvik og upplýsingaleki.

Bjarni Harðarson: Ég kann á Outlook

visir Innlent | 06. apríl 2011 16:43

Líkar þetta 510 +1

Bjarni Harðarson sendi tölvupóst á fjölmiðla sem áttu einungis að fara á samstarfskonu hans. Mynd/ Stefán.

Jón Hákon Halldórsson skrifar:

Bjarni Harðarson, upplýsingafulltrúi í landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytinu, sendi póst á alla fjölmiðla í dag sem ætlaður var samstarfsmanni í ráðuneytinu. Efni póstsins var ábendingar vegna fréttatilkynningar sem til stóð að birta á vef ráðuneytisins. Þetta er í annað sinn sem Bjarni sendir póst á fjölmiðla óafvitandi. Í fyrra skiptið var um að ræða póst um Valgerði Sverrisdóttur sem átti að fara á aðstoðarmann hans og síðan úr óþekktu netfangi á fjölmiðla.

„Þetta er nú mjög orðum aukið. Þetta var ábending varðandi fréttatilkynningu og skipti engu máli hvort hún færi. Auðvitað geta menn velt vöngum yfir og birt fréttir af póstum frá mér," segir Bjarni um síðari póstinn. Hann segist þó fremur vilja að fjallað yrði um málið efnislega. Málið fjallar um tillögu sem stendur til að leggja fram um ný jarða- og ábúðarlög.

Aðspurður hvort Bjarni hafi hugsað sér að fara á námskeið til að læra á Outlook fyrritið er Bjarni fámáll. „Það er í raun ekki á mína ábyrgð að þetta fer útfyrir og ég kann á Outlook. En ég var nú reyndar ekki að vinna í því fyrriti," segir Bjarni. Hann vill ekki segja hvaða fyrriti hann var að vinna í.

14. mar. 2011 - 19:14

Stórfelld svik á öruggri síðu Valitor: Eigandi verslunarinnar situr uppi með skaðann

Eigandi netverslunar sem selur Apple vörur segist ekki ánægður með þjónustu Valitor eftir að hann tilkynnti stórfelld kortasvik í versluninni. Hann segir fyrirtækjaeigendur ekki upplýsta um þá áhættu sem tengist viðskiptum sem þessum. Flestir sem kaupi þessa þjónustu af Valitor geri ráð fyrir að það sé á þeirra ábyrgð að tryggja að ekki sé um svik að ræða, en svo sé hins vegar ekki.

Guðmundur Ómarsson er eigandi verslunarinnar Eldhafs sem er endursöluaðili Apple á Íslandi. Fyrr í þessum mánuði bárust versluninni tvær pantanir á Netinu frá Singapúr, þar sem viðkomandi vildi kaupa tvo iPad og tvær tölvur.

Upp vöknuðu grunsemdir um að ekki væri allt með felldu, þar sem pöntunin var svo stór. Því hafði fyrirtækið samband við Valitor, en greiðslan fer í gegnum greiðslusíðu Valitors, og þá kom í ljós að kortanúmerin voru stolin.

Getty Images

31. ágú. 2011 - 15:05

Fingralangir puttalingar á ferð: Blaðamaður Bleikt.is tapar bleikum síma - Saknar gagna úr honum

Nú er Bleik brugðið. Klara Egilson, blaðamaður á Bleikt.is, sá aumur á tveimur puttalingum og skutlaði þeim úr Hafnarfirði í Grindavík. Þá var hún síma sínum fátækari.

Hún heitir fundarlaunum fyrir símann. Hann er bleikur.

Í morgun auglýsti Klara á Facebook eftir símanum með eftirfarandi hætti:

> Tók tvo hundblauta og ískalda unglingsstráka upp í bílinn kl. 1:30 í nótt við endimörk Hafnarfjarðar. Annar var

ed

Afleiðingar

- Það sem einu sinni voru sérstakar upplýsingatækniáhættur eru nú orðnar að rekstraráhættum.
- Upplýsingakerfi geyma í auknu mæli verðmætar eignir fyrirtækja.
- Ef stjórnendur eru ekki meðvitaðir um áhættur vegna upplýsingakerfa og bregðast ekki við þeim geta afleiðingar þeirra orðið miklar og ógnað rekstrarhæfi fyrirtækisins.

© 2011 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

Viðbrögð: Hvað þurfa stjórn og stjórnendur að vita

Stjórn og stjórnendur þurfa að tileinka sér áhættumiðaða nálgun þegar kemur að upplýsingatækni og spyrja réttu spurninganna:

- Hversu mikilvæg eru upplýsingakerfi fyrir reksturinn?
- Með hvaða hætti hafa upplýsingakerfi áhrif á viðskiptavini, samstarfsaðila og gæði þjónustu/vöru?
- Hvernig er áhættu vegna upplýsingatækni mætt hjá mínu fyrirtæki, gagnvart lögum og reglum, hagkvæmum rekstri og réttum fjárhagsupplýsingum?

Hvernig geta stjórnendur brugðist við?

- Viðbrögð fyrirtækja við netógnum þurfa að **þróast** í samræmi við starfsemina og áhætturnar.
- Öryggi sem felst í því að uppfylla staðla er aðeins að bregðast við fortíðinni, en ekki að **þróast** til framtíðar
- Skylda stjórnenda er að **afla sér upplýsinga**, greina og vinna úr þeim framkvæmanlegar tillögur og bregðast við á grundvelli þeirra.
- Lausnin er ekki alltaf að gera meira heldur að velja réttu viðbrögðin fyrir starfsemi og umhverfi hvers fyrirtækis og **þróa** fyrirtækið í samræmi við það.

© 2011 Deloitte Touche Tohmatsu Limited

“Deloitte” is the brand under which tens of thousands of dedicated professionals in independent firms throughout the world collaborate to provide audit, consulting, financial advisory, risk management, and tax services to selected clients. These firms are members of Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), a UK private company limited by guarantee. Each member firm provides services in a particular geographic area and is subject to the laws and professional regulations of the particular country or countries in which it operates. DTTL does not itself provide services to clients. DTTL and each DTTL member firm are separate and distinct legal entities, which cannot obligate each other. DTTL and each DTTL member firm are liable only for their own acts or omissions and not those of each other. Each DTTL member firm is structured differently in accordance with national laws, regulations, customary practice, and other factors, and may secure the provision of professional services in its territory through subsidiaries, affiliates, and/or other entities.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 170,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entitites (collectively, the “Deloitte Network”) is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.

Copyright © 2011 Deloitte Global Services Limited

© 2011 Deloitte Touche Tohmatsu Limited